

2016

# Þjóðarspegilinn

Ráðstefna í félagsvísindum XVII

## Hvernig má leggja mat á fagurferðilegt gildi landslags?

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Edda R.H. Waage

Félags- og mannvísindadeild

Ritstjórar: Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra

Rannsóknir í félagsvísindum XVII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2016

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-21-1

ISSN 1670-8725



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Hvernig má leggja mat á fagurferðilegt gildi landslags?

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir  
Edda R.H. Waage

Rannsóknir á gildi og merkingu landslags hér á Íslandi hafa vaxið og styrkst frá aldamótum. Tilurð þeirra má rekja til vaxandi áhuga á landslagsmálum undir lok síðustu aldar víðs vegar um Evrópu, hvort sem er innan fræðasamfélagsins eða á sviði skipulagsmála, sem m.a. leiddi til *Evrópusamnings um landslag* (Council of Europe, 2000). Hér á landi var byrjað að vinna markvisst með landslagshugtakið í skipulagsvinnu ýmissi, um og í kringum aldamótin. Segja má að sú vinna hafi leitt í ljós ýmsan vanda við beitingu hugtaksins, og að aðlaga þyrfti að íslenskum veruleika aðferðir sem þróaðar hafa verið við annars konar aðstæður, með tilliti til náttúrufars og menningar. Því væri brýn þörf á rannsóknum á íslensku landslagi. Ýmsar rannsóknir urðu til í kjölfarið bæði í beinum og óbeinum tengslum við skipulagsáætlanir, þá sérstaklega Rammaáætlun og Náttúruverndaráætlun.

Í þessari grein<sup>1</sup> fjöllum við um rannsókn á fagurferðilegu gildi landslags sem unnin var fyrir 3. áfanga Rammaáætlunar. Við byrjum á setja hana í sögulegt samhengi landslagrannsókna sem tengjast Rammaáætlun, og fjöllum því næst um fræðilegar forsendur fyrir þeirri aðferðafræðilegu nálgun sem beitt var í rannsókninni. Að lokum kynnum við rannsóknarsnið og aðferðir, og hugleiðum í framhaldinu þær áskoranir sem rannsóknarferlið leiddi í ljós og möguleg næstu skref.

## Landslag sem viðfang í Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Árið 1999 hófst vinna við *Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma* í kjölfar áralangra deilna meðal þjóðarinnar um virkjun og verndun landsvæða. Með hinni nýju áætlun var markmiðið að leggja mat á helstu virkjunarkosti út frá tilteknum viðmiðum, og komast þannig fyrir um möguleg áhrif ef til virkjunar kæmi. Tilgangurinn var að skapa sátt um slík verkefni. Fjórir faghópar voru settir á fót, hver um sinn málaflokkinn. Faghópur 1 fjallaði um náttúrufar og minjar, og var því viðfangsefni skipt niður í fimm meginviðföng, þar á meðal var *landslag og viðerni*. Engin aðferðafræði var fyrirbyggjandi um hvernig meta ætti verndargildi landslags, en augljóst þótti að þróun slíkrar aðferðafræði væri nauðsynleg. Í þessum fyrsta áfanga Rammaáætlunar voru stigin fyrstu skrefin í þá áttina, þar sem þróuð var aðferð til að flokka landslag á miðhálendi Íslands niður í megingerðir. Árið 2003 skilaði verkefnisstjórn 1. áfanga Rammaáætlunar af sér skýrslu (*Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar ...*, 2003) þar sem 43 svæðum var skipt niður í 5 flokka eftir áætluðum umhverfisáhrifum, heildarhagnaði og arðsemi. Þar var sú ábending einnig sett fram að í næsta áfanga Rammaáætlunar þyrfti að rannsaka landslag og þróa betri aðferðir til að flokka það og meta.

---

<sup>1</sup> Greinin byggir á doktorsverkefnum höfunda (Edda R.H. Waage, 2013; Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2015) og skýrslu sem unnin var um rannsóknina sem hér er fjallað um (Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage, Gísli Pálsson & Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2016).

Vinna við 2. áfanga Rammaáætlunar stóð yfir á árabílinu 2004-2011. Efnistöð og áherslur tóku einhverjum breytingum á þessu tímabili, sem meðal annars endurspeglast í breyttri nafngift: *Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði*. Áhersla á mögulega verndun svæða í kjölfar Rammaáætlunar var með þessu gerð skýrari. Þessi breyting var studd af nýjum lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (nr. 48/2011), þar sem tiltekið er að virkjunarkostir skulu flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk. Um mitt ár 2011 skilaði verkefnisstjórn af sér tillögu þar sem 84 virkjunarkostir höfðu verið teknir til umfjöllunar (Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar ..., 2011). Í samræmi við ábendingu verkefnisstjórnar frá 1. áfanga var landslag tekið til ítarlegri rannsóknar en verið hafði. Innan faghóps 1 var gerð áætlun um tvíþætta rannsókn þar sem landslag yrði annars vegar greint og flokkað eftir sjónrænum viðmiðum, og hins vegar, og í kjölfarið, yrði fagurfræðilegt-, tilfinninga- og upplifunargildi landslags metið. Niðurstöður fyrri hluta rannsóknarinnar (Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, 2010) nýttust í vinnu við 2. áfanga til að leggja mat á fjölbreytni og fágæti þeirra landslagsgerða sem finna mátti á svæðum virkjunarkostanna. Seinni hluti rannsóknarinnar hlaut aftur á móti ekki brautargengi og var sú ábending sett fram við lok áfangans að þörf væri á úrbótum í þeim efnum.

Vinna við 3. áfanga rammaáætlunar fór af stað árið 2013 og er gert ráð fyrir að henni ljúki á árinu 2017, en verkefnisstjórn skilaði lokatillögu sinni í lok ágúst 2016 (Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, 2016). Alls höfðu 84 virkjunarkostir þá verið teknir til umfjöllunar af hálfu verkefnisstjórnar. Í samræmi við fyrri athugasemdir var unnið að frekari rannsóknnum á landslagi innan faghóps 1. Ítarlegri gögnum var safnað til að leggja mat á sjónræna fjölbreytni landslags, auk þess sem þróuð var ný aðferð við stafræna greiningu og flokkun landslags sem byggir á sömu aðferðafræði og þróuð var í 2. áfanga (Adam Hoffritz, David Ostman og Þorvarður Árnason, 2016). Auk þess var unnið að forrannsóknnum á fagurferðilegu og menningarlegu gildi landslags (Birna Lárusdóttir, Edda R. H. Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2016; Sigrún Birna Sigurðardóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir og Helgi Guðmundsson, 2016) í þeim tilgangi að þróa aðferðir til að leggja mat á slík gildi. Sú rannsókn sem hér er til umfjöllunar er einmitt ein þeirra.

## Landslag og náttúruvernd

Í gegnum Rammaáætlun er vernd og orkunýting lands tengd órjúfanlegum böndum, en svo þarf ekki nauðsynlega að vera. Náttúruvernd á sér mun lengri sögu og dýpri rætur. Fyrstu almennu náttúruverndarlögin voru sett árið 1956. Þau sýna glögglega mikilvægi landslags fyrir náttúruvernd. Í fyrstu grein laganna sagði:

Heimilt er að friðlýsa landsvæði, sem eru ríkiseign og sérstæð eru um landslag, gróðurfar eða dýralíf, í því skyni að varðveita þau með náttúrufari sínu, og leyfa almenningi aðgang að þeim. Enn fremur er heimilt að taka lönd manna eignarnámi í þessu skyni. Svæði, sem friðlýst eru samkvæmt þessum lið, eru nefnd þjóðvangar (þjóðgarðar) (Lög um náttúruvernd nr. 48/1956, 1. gr. d).

Landslag var þannig frá upphafi meðal mikilvægra forsenda fyrir stofnun þjóðgarða, og er það enn. Í nýjstu náttúruverndarlögunum, þar sem fjallað er um stofnun þjóðgarða, segir m.a. að friðlýsa megi „sem þjóðgarða stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag“ (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 47.gr).

Þótt auðveldlega megi sýna fram á mikilvægi landslags fyrir stofnun þjóðgarða, eins og gert er hér að ofan, þá hefur ekki alltaf verið ljóst hvað nákvæmlega verið er að meina

þegar talað er um landslag. Hugtakið landslag var ekki skilgreint í fyrstu útgáfu náttúruverndarlaganna, ekki frekar en önnur hugtök sem þar komu fyrir. Og reyndar gerðist það ekki fyrr en með síðustu útgáfu laganna að hugtakið landslag var skilgreint í íslenskri náttúruverndarlöggjöf<sup>2</sup>, en hún hljóðar svo:

Landslag: Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 5. gr.12).

Sú skilgreining sem hér um ræðir er þýðing á hugtakinu *landscape* eins og hún kemur fyrir í Evrópusamningnum um landslag sem íslensk stjórnvöld undirrituðu árið 2012. Undirritun samningsins og skilgreining í lögum kom í kjölfar mikillar umræðu um merkingu landslagshugtaksins, gildi þess og hlutverk í skipulagi og náttúruvernd, sem átt hafði sér stað allt frá aldamótunum síðustu. Um þær mundir hafði vísindaleg nálgun í náttúruvernd mjög tekið að ryðja sér til rúms (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010; Edda R.H. Waage, 2013). Segja má að fyrsta Náttúruverndaráætlunin (Umhverfisstofnun, 2003), sem unnin var á árunum 1999-2004, hafi verið vendipunktur í þeim efnum, en þar var lagður grunnur að nýrri aðferðafræði við val náttúruverndarsvæða, sem byggði á náttúruvísindalegri nálgun (Edda R.H. Waage og Karl Benediktsson, 2010). Þar, rétt eins og í Rammaáætlun, var leitast við að vinna með landslagshugtakið sem fræðilegt viðmið og forsendu fyrir ákvarðanatöku. Sú vinna leiddi í ljós erfiðleikana sem felast í því að samþætta aðferðir náttúruvísindanna og landslagshugtakið, þá ekki síst vegna margræðrar merkingar þess. Þetta vekur upp spurningar um hvernig það megi vera að jafn algengt hugtak og landslag, vefjist svo fyrir faglegri vinnu? Til að svara því er nauðsynlegt að skilja inntak landslagshugtaksins.

## Margræð merking landslagshugtaksins

Þótt landslagshugtakið hafi ekki verið skilgreint í fyrstu náttúruverndarlögunum þá leynast sterkar vísbendingar í greinargerðinni með frumvarpinu um merkingu hugtaksins í hugum þeirra sem skrifuðu löginn. Þannig er mikilvægi laganna rökstutt með dæmum sem „sýna hina miklu nauðsyn, sem er á löggjöf um náttúruvernd“ (Þingskjal 232, 1956, bls. 13-14). Til dæmis er þar fjallað um svæði sem var svipt *sérstaðri auðnarstemmingu*, og *fagrar og merkar náttúruminjar* sem hafi verið eytt. Einnig er minnst á *fagurskapaðan gíg* sem býður tortímingar nema í taumana sé gripið, *fegurstu jurtaleifar* sem líða fyrir ágang ferðamanna, sem og *fagra hver* sem eru í hættu fyrir spellvirkjum. Eins eru nefnd dæmi þar sem höfundum finnst vel hafa til tekist við framkvæmdir, svo sem þar sem *undurögurum bólma* og *gróðursælum braunbakka* hafi verið hlíft. Af greinargerðinni má lesa að tilfinning fyrir fegurð náttúrunnar og upplifunum þar að lútandi, hafi spilað stórt hlutverk í tilurð fyrstu náttúruverndarlaganna (sjá nánar í Edda R.H. Waage, 2013). Þessi tenging við upplifun af fegurð náttúrunnar, sem fólgin er í landslagshugtakinu, er í samræmi við þá merkingu sem almenningur dagsins í dag virðist leggja í hugtakið, þ.e. að landslag vísi til merkingarbærrar reynslu og skynjunar á formum og fyrirbærum landsins sem einkennist oftast en ekki af fegurðarupplifun og vellíðan (Edda R.H. Waage, 2013). Þessi tenging við upplifun af fegurð og upplifun af formum lands var einnig fólgin í hugtakinu snemma á 14. öld (sjá Edda R.H. Waage, 2012). Þannig má færa rök fyrir því að þessi merking hugtaksins sé rótgróin í menningu okkar og málnotkun. En merking hugtaka er ekki meitluð í stein.

Straumar og stefnur í náttúruvernd á síðari hluta 20. aldar, þar sem viðmið og aðferðir náttúruvísindanna vógu sífellt þyngra, urðu til þess að rýra mikilvægi

<sup>2</sup> Rétt er að taka fram að skilgreining á landslagshugtakinu hafði áður verið sett fram í nýjum Skipulagslögum (nr. 123) árið 2010. Þessar tvær skilgreiningar eru þó ekki samhljóða.

fegurðarupplifunar sem rökstuðnings við ákvarðanatöku (sjá Edda R.H. Waage, 2013). Aukin áhersla á verndun menningarlandslags í Evrópu hafði sömuleiðis mótandi áhrif á áherslur í náttúruvernd hér á landi. Þetta leiddi til breytinga á þeirri merkingu sem lögð var í landslagshugtakið í orðræðu náttúruverndar. Í stað þess að vísa til eiginleika lands og upplifunar var farið að nota landslagshugtakið til að vísa til afmarkaðra svæða, og einkenni slíks landslags voru skilgreind út frá hlutbundnum og sjónrænum viðmiðum, svo sem jarðmyndunum. Sömuleiðis hurfu smátt og smátt allar tilvísanir í feгурð landslagsins. Með öðrum orðum varð hlutgerving landslags ráðandi í orðræðu náttúruverndar.

## Landslag og feгурð

Vandamálið sem flækti faglega vinnu með landslag á sviði náttúruverndar má rekja til ofangreindrar tengingar landslagshugtaksins við feгурðarhugtakið, sem er um leið tenging við huglægni. Huglægni feгурðarhugtaksins birtist m.a. í frösum á borð við: *Fegurðin er í auga þess sem skynjar og hverjum þykir sinn fugl fagur*. Slíkar hugmyndir gerðu fagfólki á sviði náttúruverndar erfitt fyrir þegar krafan um mælanleika var í fyrirrúmi, með sívaxandi áherslu á hlutlægni og aðferðir náttúruvísindanna. Þessi áhersla leiddi m.a. til þess að það eina sem öruggt þótti að fjalla um í umhverfismati voru sjónrænir þættir landslagsins, sem eru um leið hlutbundnir, og því auðvelt að flokka og greina. Það sem flækti málin frekar var að fagfólkið gerði sér fullkomna grein fyrir því að þegar talað er um að landslag sé fallett er ekki bara átt við sjónræna upplifun, heldur eitthvað mun dýpra og yfirgrípsmeira en það (Edda R.H. Waage og Karl Benediktsson, 2010). Þótt mögulegt sé að greina og flokka landslag út frá sjónrænum einkennum, og fjalla um almenn gildi eins og fágæti eða fjölbreytni út frá slíkri greiningu, nær slík nálgun aldrei að fanga þau tengsl sem feгурðargildið grundvallast á. Í slíkum tengslum felast gildi sem eru einstök fyrir hvern og einn, en þrátt fyrir það eru þau gildi almenn í þeim skilningi að við deilum þeim hvert með öðru, sem gerir þau sammanleg.

Landslag er ekki bara sjónrænt heldur veruleiki sem við skynjum, eins og skilgreining Evrópusamningsins felur í sér. En til að skilgreiningin falli betur að þeirri merkingu landslagshugtaksins sem rótgróin er í menningu okkar og málnotkun, vantar áhersluna á að þessi skynjun sé fyrst og fremst fagurferðileg – skynjun á feгурð.

Þýski heimspekingurinn Joachim Ritter (1989) skilgreindi landslag sem umhverfi skynjað fagurferðilega. Þessi heimspekilegi skilningur á landslagshugtakinu hefur ekki hlotið mikla athygli, nema á þann takmarkaða hátt sem felst í því að skilja feгурð og hið fagurferðilega fyrst og fremst út frá því sjónræna. Feгурðin, eins og hún birtist okkur í öllum sínum fjölbreytileika, er svo langt frá því að vera takmörkuð við léttvæga og ánægjulega upplifun af fögru formi (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 2011). Þótt það sé fagurt formið sem grípur athygli manns í upphafi feгурðarupplifunarinnar, og þó að það eitt og sér sé kjarninn sem nægir til þess að um feгурðarupplifun sé að ræða, þá er það í raun það sem gerist í kjölfarið sem getur magnað feгурðarupplifunina og gert hana eins fjölbreytta og hún er. Þegar við skynjum feгурð skapast þörf til að dvelja við feгурðina og deila henni, miðla henni áfram með því að benda þeim sem er næst manni á hana, eða með því að taka ljósmynd, teikna, semja, segja sögu af. Feгурð er augnablikið þegar öll vera þín sekkur inn í það sem þú skynjar og allar þínar fyrirframgefnu hugmyndir og hugsanir falla í skuggann. Þannig verður þú opin fyrir því að veita því sem þú skynjar alla þína athygli og taka þannig á móti merkingu þess í stað þess að varpa þinni merkingu á það fyrirfram (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 2011). Feгурð vísar til þess þegar við skynjum bara til að skynja; þegar við lítum til himins til að dást að honum, en ekki til að gá til veðurs, eða horfum á fossinn til að leyfa honum að fanga okkur, en ekki til þess að reikna út hversu stóra virkjun þyrfti til að fanga aflíð í honum. Þannig vísar feгурðin í

raun til ákveðinna tengsla sem okkur mannfólkinu er gefið að geta átt í við umheiminn – tengsla sem verða til þegar einhver hlutbundinn veruleiki þarna úti, fuglasöngur, litadýrð, lykt, sérkennilegt form í landslaginu, eða jafnvel athafnir og orð, fangar athygli manns þannig að maður getur ekki annað en staldrað við og á einhvern hátt tekið inn áhrif þess að dvelja við það sem maður skynjar. Þegar þetta gerist hafa sumir heimspekingar (t.d. Scarry, 2001) talað um að ákveðin afmiðjun sjálfsins eigi sér stað – sjálfið er ekki lengur miðpunkturinn, heldur opnast maður fyrir því að skynja sjálfan sig sem hluta af umhverfinu. Fegurð er þannig upplifun af tengslum (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2015).

Þetta sjónarhorn á fegurðina sem tengslahugtak byggir á fyrirbærafræðilegri nálgun, m.a. á hugmyndum Maurice Merleau-Ponty (1945/2002;1968) um samvinnun þess huglæga og hlutlæga (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2010). Sem líkamlegar verur erum við alltaf nú þegar í tengslum við heiminn, og fegurðarhugtakið og landslagshugtakið lýsa þeim augnablikum þar sem hugur okkar og líkami, öll okkar vera, rennur saman við það sem við skynjum á þann hátt að við skynjum þessi tengsl og gildin sem í þeim felast. Gildin verða með öðrum orðum til í samvinnun okkar við veruleikann og geta því hvorki átt sér rót aðeins í huga þess sem skynjar eða aðeins í hlutbundnu formi þess sem skynjað er (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2015).

Það að skilja landslag út frá fegurðarhugtakinu sem tengslahugtak fellur vel að þeim skilningi sem lagður er í landslagshugtakið í Evrópusamningnum þar sem áhersla er lögð á það hvernig landslagið felur bæði í sér hlutbundna þætti sem og skynjun fólks. Fegurðarhugtakið getur hjálpað okkur að skilja hvers konar skynjun það er sem vísad er til.

Landslag er marglaga, það felur í sér bæði sýnilega og hlutbundna þætti, og öll þau ósýnilegu tengsl sem búa í sögum landslagsins, t.d. jarðsögunni, gróður- og dýralífssögunni, fornleifa- og mannfræðisögunni, og síðast en ekki síst, í sögum fólksins sem lifir og dvelur í landslaginu og tengist því í gegnum reynslu sína og upplifanir, minningar, sögur, bókmenntir og listir. Þessi margþætta saga landslagsins er það sem skapar gildi þess og merkingu. Í öllum þessum sögum tvinnast hið ósýnilega sem felst í athöfnum, hreyfingum, tjáningu, hugsun og ímyndunarafli saman við hið sýnilega. Fagurferðilegt gildi landslags og merking þess verður til þegar allar þessar sögur landslagsins verða að einni heild í skynjun, reynslu og upplifun þeirra sem dvelja í og tengjast landslaginu. Landslagshugtakið má því sjá sem tæki til að beita í ákvarðanatöku sem afhjúpar þessar sögur og tengsl og á þann hátt getur það veitt yfirgrípsmeiri yfirsýn yfir gildi náttúru og umhverfis en aðferðir hagfræðinnar og náttúruvísindanna einar og sér. Í stað þess að einangra og aðskilja ólík viðföng gildis, gerir landslagshugtakið kleift að byggja upp heildstæðari nálgun.

Frásagnir fólks af tengslum sínum við landslag og staði leika þannig mikilvægt hlutverk í að móta þau gildi og þá merkingu sem landslag og staðir búa yfir. Þessu hefur verið veitt athygli meðal umhverfisheimspekinga (Holland, O'Neill & Light, 2008) sem lagt hafa áherslu á hugtakið frásögn (*narrative*) í umfjöllun sinni um ákvarðanatöku í umhverfismálum. Þar byggja hefðbundnar nálganir oft en ekki á hugtökum eins og eigið gildi, notagildi, sjálfbærni eða viðhald líffræðilegs fjölbreytileika, en það sem skortir í slíkum nálgunum er að taka tillit til tíma, sögu og tengsla. Þessar hefðbundnu nálganir felast í raun í því að lista upp öll þau viðföng sem búa yfir gildi út frá fyrrnefndum hugtökum með það að markmiði að gefa hverju viðfangi einkunn. Stjórnvísingur í umhverfismálum felst svo í að viðhalda, og jafnvel hækka einkunn hvers náttúrufræðingis. Nálgunin byggir þannig á því að aðskilja mismunandi viðföng og þar með eru tengslin á milli þessara viðfanga, sem og tengsl fólks við viðföngin, hundsud. Holland, O'Neill og Light leggja til að nálgast beri náttúruvernd út frá spurningum eins og „hvernig er frásögninni best haldið áfram?“ og „hvaða skref fela í sér viðeigandi framhald af því sem kemur á undan?“ Gildi þess sem ætlunin er að vernda felst ekki í sérstökum og aðskildum viðföngum eða fyrirbærum, heldur í tengslum fólks við þessi

fyrirbæri; tengslum sem sagðar eru sögur af. Slíkar sögur þurfa að fá að verða grundvöllur ákvarðanatöku um náttúruvernd því að það er í þeim sem gildin birtast. Það mikilvægasta sem þarf að taka til greina þegar afhjúpa á merkingu landslagsins er þess vegna það hvernig sögur af mannlegum athöfnum, sem og athöfnum náttúruafllanna, tengjast og vefjast saman.

Áhersla Evrópusamningsins á skynjun fólks leiðir einnig til aukinnar áherslu á rétt almennings til þátttöku í mati á gildi landslags við ákvarðanatöku um þróun þess (Jones og Stenseke, 2011). Frásagnarnálgunin fellur mjög vel að þessari áherslu og getur styrkt þróun aðferða við landslagsmat sem fanga upplifanir almennings, heimamanna sem og ferðamanna, af landslagi, og sem gera almenningi kleift að hugleiða og tjá sig um upplifanir sínar og tengsl við landslagið. Þannig má skapa grundvöll til þeirrar samræðu og samráðs við almenning um gildi landslags sem fjallað er um í Evrópusamningnum. Rannsókn okkar, sem nú verður gerð nánari grein fyrir, felur í sér skref í þessa átt.

## Rannsóknarsnið

Sumarið 2015 fengum við það hlutverk að finna leiðir til að rannsaka fagurferðilegt gildi landslags fyrir faghóp 1 í 3. áfanga Rammaaáætlunar. Í ljósi þess að faghópurinn hafði ákveðna virkjunarkosti til umfjöllunar var val á rannsóknarsvæði skilyrt. Rannsóknarsvæðin urðu tvö, annars vegar áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar við bakka Þjórsár í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Hins vegar áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana við Trölladyngju og Austurengjar á Reykjanesskaga.

Í ljósi þess sem að framan segir um fagurferðilegt gildi landslags var leitast við að finna aðferðir sem gera kleift að koma sögum fólksins á framfæri. Slíkar aðferðir er að finna innan eigindlegrar rannsóknarhefðar, þar sem það sjónarmið ríkir að leiðin til þekkingar á þeim hugmyndum og skilningi sem fólk leggur í líf sitt og umhverfi sé í gegnum þeirra eigin orð og athafnir sem lýsa reynslu og upplifun.

Þar sem rannsóknin var bundin við tiltekin svæði var ákveðið að fylgja rannsóknarsniði tilviksrannsókna, en í því felst að afla djúps skilnings á viðfangsefninu í því flókna samhengi veruleikans sem tilvikið býður upp á (Thomas, 2011). Í því ljósi var talið mikilvægt að nálgast viðfangsefnið frá fleiri en einum sjónarhóli, og ákveðið að rannsóknin næði til tveggja hópa fólks á hvoru svæði fyrir sig. Í fyrri hluta rannsóknarinnar var gildi landslags meðal *staðkunnugra* til skoðunar. Staðkunnugir vísar hér til fólks sem þekkir vel til á rannsóknarsvæðinu sem um ræðir, ýmist í gegnum búsetu eða skemmri dvöl. Í seinni hluta rannsóknarinnar var hins vegar skoðað gildi landslags meðal *almennings*, en almenningur vísar hér til fólks sem hefur engin eða lítil tengsl við rannsóknarsvæðið sem um ræðir. Megin gagnaöflunaraðferð var í formi hálfstaðlaðra eigindlegra viðtala.<sup>3</sup>

Innan eigindlegrar rannsóknarhefðar er lítið svo á að til að skilja tengsl fólks við umhverfi sitt, sé best að nálgast það í þess eigin aðstæðum. Þetta felur í sér að alla jafna er dvalið á vettvangi rannsóknar til lengri eða skemmri tíma. Sú varð raunin í okkar rannsókn. Í tilfalli Þjórsarsvæðisins dvöldum við í fjóra daga á svæðinu meðan á viðtölum við staðkunnuga stóð, auk nokkurra dagsferða þess utan, en í tilfalli Reykjanessvæðisins gerðum við okkur ítrekaðar ferðir á og um rannsóknarsvæðið yfir lengra tímabil.

Viðmælendur í hópi staðkunnugra við Þjórsá voru flestir heimamenn með búsetu í sveitinni, en einnig fólk sem hefur þar aðsetur með hléum. Á Reykjanessvæðinu voru staðkunnugir fólk sem þekkir vel til á svæðinu í gegnum notkun á því. Almenn er talið skipta máli að viðtöl fari fram í aðstæðum sem valdefli viðmælanda gagnvart rannsakanda, og því er heimavöllur viðmælanda yfirleitt betri kostur en aðrir (Taylor &

<sup>3</sup> Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna í Birna Lárusdóttir o.fl., (2016)

Bogdan, 1998; Kvale & Brinkmann, 2015; Punch 2014). Viðtölin við staðkunnuga fóru því flest fram á heimili þeirra og/eða á göngu um rannsóknarsvæðið. Viðmælendur voru beðnir um að fara með rannsakendum á svæði sem hefði sérstaka merkingu fyrir þeim, og ef það var ekki mögulegt voru þeir beðnir um að fara þangað með rannsakendum í huganum.

Að taka viðtal á göngu byggir á þeirri tengslaverufræðilegu sýn að til viðbótar því samtali sem á sér stað milli viðmælanda og rannsakanda, eigi vettvangur viðtalsins aukinheldur þátt í sköpun þeirrar þekkingar sem verður til í viðtalinu (Anderson, 2004). Þar sem rannsóknin snýst um landslag og fagurferðilegt gildi þess, var það mat rannsakanda að landslagið sjálft hefði þannig mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd viðtalsins, hvort sem gengið væri um landið eða horft á það út um eldhúsgluggann meðan á viðtalinu stæði.

Það reyndist viðmælendum miserfitt að tjá sig um viðfangsefni þessarar rannsóknar, þ.e. fagurferðilegt gildi landslags. Viðfangsefnið krefst þess að viðmælandi opni sig gagnvart rannsakendum, bæði hvað varðar hugsanir sínar, tilfinningar og upplifanir, sem sumar hverjar eru mjög persónulegar. Slíkt umræðuefni er ekki hversdagslegt, og því mátti gera ráð fyrir að viðmælendur væru margir hverjir að orða þessar hugsanir sínar og tilfinningar gagnvart landinu í fyrsta skipti. Í því sambandi má benda á að þegar vel tekst til er eiginlegt viðtal ekki aðeins leið til gagnaöflunar, heldur er viðtalið sjálft vettvangur þekkingarsköpunar í gegnum samtal viðmælanda og rannsakanda (Brinkmann og Kvale, 2015).

Á grundvelli fyrri hluta rannsóknarinnar var skipulögð dagsferð á hvort svæði fyrir sig, sem innihélt gönguleið um svæðið. Ferðirnar voru auglýstar meðal féлага Ferðafélags Íslands og starfsfólks Háskóla Íslands. Eftir hvora ferð var viðmælendum skipt í tvennt, við annan hópinn var tekið hópviðtal, en einstaklingsviðtal við þá sem eftir voru.

Þessi tilhögun var viðhöfð í þeim tilgangi að bera saman niðurstöður aðferðanna tveggja, þ.e. hópviðtals og einstaklingsviðtals. Það er talinn einn af kostum hópviðtala að þau gefa innsýn í hugarheim nokkurra þátttakenda á skemmri tíma en ef um einstaklingsviðtal við alla sömu þátttakendur hefði verið að ræða (Punch, 2014). Aðferðin getur því mögulega sparað tíma við framkvæmd viðtalsrannsókna. Annar kostur hópviðtala er að ekki aðeins veitir viðtalið innsýn í hugarheim nokkurra viðmælanda á sama tíma, heldur getur viðtalið jafnframt verið vettvangur skoðanaskipta milli þeirra viðmælanda sem taka þátt, og það þannig veitt dýpri skilning á hugmyndum viðmælanda en samtal einstakra viðmælanda við rannsakendur hefði gert (Punch, 2014).

Greining gagnanna var marglaga, í fyrsta lagi var leitast við að draga fram lýsingar á upplifunum af þeim náttúruyrirbærum sem nefnd voru í viðtölunum, í samræmi við hugmyndir fyrirbærafraðilegrar nálgunar um þátt skynjunar í upplifun (Merleau-Ponty, 1945/2002). Í öðru lagi voru dregin fram ákveðin þemu, sem lýsa þeim gildum sem verða til í upplifun fólks af náttúruyrirbærunum. Jafnframt var leitað eftir öðrum þáttum sem taldir voru geta haft áhrif á hina fagurferðilegu upplifun. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós ákveðna þætti sem einkenndu landslagsupplifun fólks af hvoru svæði fyrir sig. Við Þjórsá, voru það þættir svo sem tilfinning fyrir frelsi og fegurð; því að tilheyra náttúrunni; upplifun af kyrrð, en líka krafti og endurnærandi áhrifum; útsýni; fjölbreytileiki náttúrunnar; og minningar sem landslagið geymir. Á Reykjanesskaga voru það þættir eins og: ímynd af einsleitni; undrun; hugarflug; útsýni; kyrrð; og ósnortin náttúra.

## Niðurstaða

Þær spurningar sem við sem rannsakendur þurfum að hugleiða í framhaldinu af þessari forrannsókn eru margar. Eins og flestar rannsóknir vekur hún eflaust upp fleiri



spurningar en hún svarar. Sem rannsakendur þurfum við því að vera þolinmóðar, og taka eina spurningu fyrir í einu. Þær spurningar sem við kjósum að byrja á hér eru hverju skilar svona vinna og hvernig myndum við vilja sjá landslagsmat þróast í framtíðinni?

Það fyrsta sem ber að nefna er að svona rannsókn gefur ómetanlega dýpt í skilning okkar á því hvað landslag og fagurferðilegt gildi þess raunverulega er. Það er eitt að lesa um og stúdera hugtakið árum saman inni á háskólaskrifstofu og reyna að skilja það út frá nýjustu þekkingu. Annað er að setjast niður með fólki og eiga við það einlægt og persónulegt samtal um djúpstæðustu tengsl þess við umhverfi sitt. Fyrir þessi samtöl erum við viðmælendum okkar óendanlega þakklátar. Að okkar mati staðfestu viðtölin þann skilning á landslagshugtakinu sem fjallað var um hér að framan: Landslag er umhverfi skynjað fagurferðilega. Niðurstöður greiningarinnar sýndu að fegurðin sem fólk skynjar leikur lykilhlutverk í fagurferðilegu gildi landslagsins, hún tengir saman hina mörgu þætti sem einkennda lýsingar viðmælenda okkar. Fegurðin var kjarninn í frelsistilfinningunni og því að tilheyra náttúrunni; hún var kjarninn í upplifun af kyrrð, en líka krafti, og endurnærandi áhrifum; kjarninn í útsýninu; fjölbreytileikanum og minningunum sem náttúran geymir við Þjórsá. Þessar upplifanir af fegurð sem viðmælendur lýstu og fólust m.a. í því að fylgjast með breytileika landslagsins eftir árstíðum og veðri leika mikilvægt hlutverk í því að skapa tengsl fólks við landslagið (sjá Birna Lárusdóttir o.fl., 2016).

Annar, og ekki síðri lærdómur sem draga má af rannsókninni er hversu mikilvægt er að hlusta á rödd almennings. Rannsóknin var vissulega hönnuð í þeim tilgangi að leyfa röddum fólksins að heyrast þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra við ákvarðanatöku. Meðan á gagnaöflun stóð fundum við þó sterkt fyrir því hversu mikilvægt það var viðmælendum að fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast og að á hana væri hlustað. Þannig var það valdeflandi fyrir einstaklingana, sem samfélagslega þegna, að vera þátttakandur í rannsókninni. Þetta leiðir þannig einnig til umhugsunar um samfélagslegt hlutverk rannsókna á gildi landslags, og á hvaða stigi ákvörðunartökuferlisins slíkar rannsóknir ættu að fara fram. Ýmsir nefndu að þeir hefðu viljað fá þetta tækifæri fyrr (sjá Birna Lárusdóttir o.fl., 2016). Það er okkar mat að betur fari á að mat og greining á landslagi fari fram snemma í ferli skipulagsákvæðana, og með fullri þátttöku þeirra sem tengjast landslaginu og hafa besta þekkingu á þeim margþættu sögum sem hafa skapað það. Þessum sögum þarf að skapa farveg til að halda áfram á þann hátt að gildi landslagsins séu varðveitt. Með því að komast að því hvað einkennir landslagið, og hvaða sögur hafa skapað það, fæst grundvöllur til að ræða á lýðræðislegan hátt hvernig skipulagsákvæðanir við viljum taka með framtíðarþróun í huga.

Annað mikilvægt sem þessi rannsókn hefur skilað okkur er skilningur á því að það er ekki okkar sem fræðimanna og sérfræðinga að leggja mat á gildi landslagsins, það er þeirra sem þekkja það og upplifa það að leggja mat á gildi þess. Okkar hlutverk er að skapa rými til samtals, og að hlusta og miðla. Eins og bent var á í rýnihópsrannsókn þar sem rætt var um aðferðir til að meta gildi landslags, er landslagssérfræðingurinn sá sem getur safnað öllum sögum landslagsins saman (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2012), svo er annarra að skapa heild úr þessum sögum og ákveða hvernig þeim er best fram haldið.

Rannsóknin hefur líka skilað því að við sjáum að sú nálgun eigindlegrar aðferðafræði að leggja áherslu á traust og nánd, og að mæta viðmælendum á þeirra forsendum, er líklega nauðsynleg þegar kemur að því að eiga samtal um gildi landslags í hugum fólks. Raunar teljum við að þennan þátt megi enn auka með því að minnka frekar bilið á milli hlutverks rannsakenda og þátttakenda. Til þess að tryggja að landslagsgreining og mat fari fram á forsendum fólksins og landslagsins, er mikilvægt að líta svo á að almenningur og sérfræðingar leggi saman krafta sína til að varpa ljósi á, og draga fram þá mikilvægu þekkingu sem landslagið sjálft og fólkið sem tengist því býr yfir. Slík þekkingarfræðileg nálgun á rætur sínar m.a. í hugmyndafræði eigindlegrar aðferðafræði og póst-húmanisma þar sem áhersla er lögð á að má út skilin á milli rannsakenda og þátttakenda í rannsóknum á þeirri forsendu að bæði rannsakendur og þátttakendur vinni að því að

skapa nýja þekkingu í sameiningu (Petitfils, 2015; Springgay, 2015; Thrift, 2003). Í anda þessarar aðferðafræði væri hlutverk rannsóknarhópsins, sem samanstæði af rannsakendum úr hópi sérfræðinga og almennings, þá að skrásetja þessa þekkingu á fjölbreyttan hátt og skapa úr henni fjölbreyttar afurðir sem svo er hægt að líta til í samtali almennings, sérfræðinga og stjórnslu um skipulagsákvæðanir.

Eflaust gæti svona ferli orðið tímafrekt. En það sem við þurfum einfaldlega að horfast í augu við er að það tekur langan tíma að taka góðar ákvæðanir á réttlátan og skynsamlegan hátt. Það er flókið að taka ákvæðanir um náttúruvernd eða nýtingu. Það er hægt að reyna að einfalda það með því að merkja við talnagildi mismunandi viðfanga og reikna svo heildareinkunn, en slíkar aðferðir eru ekki til þess fallnar að fanga raunveruleg verðmæti íslensks landslags.

## Heimildir:

- Adam Hoffritz, David Ostman og Þorvarður Árnason. (2016). *Landslagsflokkeun með vettvangsgögnum og stafrænum aðferðum*. Hornafjörður: Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði.
- Anderson, J., (2004). Talking whilst walking: A geographical archaeology of knowledge. *Area*, 36(3), 254-261.
- Birna Lárusdóttir, Edda R. H. Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2016). *Gildi landslags: Fagurferði, menningarmínjar og saga – forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir fagbóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar*. Reykjavík: Höfundar. Sótt af <http://www.ramma.is/media/rannsoknir-f1-ra3/Gildi-landslags-fagurferdi-menningarminjar-saga-F1-RA3-mars-2016.pdf>
- Brinkmann, S., & Kvale, S., (2015). *Interviews: Learning the crafts of qualitative research interviewing* (3. útgáfa). Thousand Oaks, London, Delhi & Singapore: Sage.
- Council of Europe. (2000). *The European Landscape Convention*. Sótt af <http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/176>
- Edda R. H. Waage og Karl Benediktsson. (2010). Performing expertise: Landscape, governmentality and conservation planning in Iceland. *Journal of Environmental Policy and Planning*, 12(1), 1–22.
- Edda R. H. Waage. (2010). Landscape in the Sagas of Icelanders: The concepts of land and landsleg. *Norsk Geografisk Tidsskrift – Norwegian Journal of Geography*, 66(4), 177–192.
- Edda R.H. Waage. (2013). *The concept of landslag: Meanings and value for nature conservation*. Reykjavík: University of Iceland.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. (2011). Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar. *Hugur* 23, 89–103.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2012). Hver er landslagssérfræðingurinn?: Um fagurfræðilegt gildi landslags í ákvarðanatöku og umhverfisskipulagi í *Þjóðarspeglinum 2012: Rannsóknir í félagsvísindum XIII –ráðstefnurit*.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2015). *Icelandic landscapes: Beauty and the aesthetic in environmental decision-making* (doktorsritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2010). Háleit fegurð: Fegurðarhugtakið í feminískum og fyrirbærafræðilegum skilningi, *Hugur* 22, 71-85.
- Holland, A., Light, A. og O'Neill, J. (2008). *Environmental Values*. Routledge.
- Jones, M. og Stenseke, M. (2011). *The European landscape convention: Challenges of participation*. Dordrecht, Heidelberg, London & New York: Springer.
- Lög um náttúruvernd nr. 48/1956
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011

- Merleau-Ponty, M. (1945/2002). *Phenomenology of Perception*. Routledge & Kegan Paul.
- Merleau-Ponty, M. (1968). *The visible and the invisible*. Í C. Lefort, (A. Lingis þýddi). Evanston, Illinois: Northwestern University Press.
- Petitfils, B. (2015). Researching the posthuman paradigm: The "subject" as curricular lens. Í N. Snaza & J. Weaver, *Posthumanism and educational Research*, (bls. 30-42). New York: Routledge.
- Punch, K. (2014). *Introduction to social research: Quantitative and qualitative approaches* (3. útgáfa). London: Sage.
- Ritter, J. (1989). Landschaft. zur funktion des asthetischen in der modernen Gesellschaft. *Subjectivität*. (bls. 141-63). Frankfurt: Suhrkamp.
- Scarry, E. (2001). *On beauty and being just*. Princeton og Oxford: Princeton University Press.
- Sigrún Birna Sigurðardóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir & Helgi Guðmundsson. (2016). *Bara hver blúti landsins er einstakur. Rýnibópagreining um mat á viðborfum til íslensks landslags og gildi þess*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af [http://www.ramma.is/media/rannsoknir-f1-ra3/Landslag\\_ljosmyndir\\_rynihopar\\_F1-RA3-mars-2016.pdf](http://www.ramma.is/media/rannsoknir-f1-ra3/Landslag_ljosmyndir_rynihopar_F1-RA3-mars-2016.pdf)
- Springgay, S. (2015). "Approximate-rigorous-abstractions": Propositions of activation for posthumanist research. Í N. Snaza & J. Weaver, *Posthumanism and educational Research*, (bls. 76-90). New York: Routledge.
- Taylor, S. J., & Bogdan, R., (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resources* (3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons.
- Thomas, G., (2011). *How to do your case study: A guide for students and researchers*. London, Thousand Oaks, New Delhi & Singapore: Sage.
- Thrift, N. (2003). Practising ethics. Í M. Pryke, G. Rose og S. Whatmore (ritstj.), *Using Social Theory* (bls. 105-121). London: SAGE Publications.
- Umhverfisstofnun. (2003). *Náttúruverndaráætlun 2004-2008: Aðferðafræði – tillögur Umhverfisstofnunar um fríðlýsingar*. Reykjavík: Höfundur.
- Unnur Birna Karlsdóttir. (2010). *Þar sem fossarnir falla: Viðborf til náttúru og vatnsaflsvirkjana á Íslandi 1900-2008*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. (2016). *Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017*. Reykjavík: Höfundar og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt af <http://www.ramma.is/media/verkefnisstjorn-gogn/RA3-Lokaskýrsla-160826.pdf>
- Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. (2003). *Nidurstöður 1. áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/ramma/Nidurstodur-1-afangax.pdf>

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar og iðnaðarráðuneytið. (2011). Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar. Reykjavík: Höfundur og Iðnaðarráðuneytið. Sótt af <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/ Acrobat/Rammaaaetlun-1.pdf>

Þingskjal 232 (1956). Frumvarp til laga um náttúruvernd. 75. löggjafarþing 1955-1956.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson & Karen Pálsdóttir. (2010). *Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af <http://www.ramma.is/media/gogn/Landslagskyrsla-jan2010.pdf>